

Minnisblað hafnarstjóra varðandi umsjón í Ísafjarðarkirkju

Séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði, og Júlía B. Þórðardóttir, fulltrúi sóknarnefndar Ísafjarðarsóknar, komu að máli við bæjarstjóra og formann hafnarstjórnar varðandi mögulega aðkomu Ísafjarðarhafna að kynningu og þrifum í Ísafjarðarkirkju sem tilraunarverkefni á komandi skemmtiferðaskipavertíð.

Málið er lagt upp þannig að Ísafjarðarbær gangi til samstarfs við Ísafjarðarkirkju með því að útvega starfsmann til leiðsagnar um Ísafjarðarkirkju, eftirlits með salernum og þrifa. Ísafjarðarkirkja og innanstokksmunir hennar eru vel þekkt langt út fyrir landsteinana og margt af því ferðafólki sem til Ísafjarðar kemur vill fá að skoða kirkjuna að innan og kynnast því stórkostlega listaverki sem kirkjan sjálf er. Á eftirsóttustu ferðamannastöðum hvar sem er í heiminum eru kirkjur mikið aðdráttarafl og hefur áhrif á upplifun ferðafólks af áfangastaðnum.

Lagt er til að að Ísafjarðarhafnir leggi til fjármagn vegna starfsmanns sem vinnur undir verkstjórn Upplýsingarmiðstöðvar og sjái um leiðsögn um kirkjuna og þrif á salernum og kirkjugólfi í lok dags. Starfsmaður hæfi störf sem fyrst og verkefnið stæði til 10. september. Þetta verður tilraunarverkefni sumarsins eins og áður er getið. Starfsmaðurinn yrði greiddur af hafnarsjóði og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður verði 1.200.000 krónur. Rýnifundur yrði haldinn í lok sumars og árangur verkefnisins metinn.

Ísafirði 08/05/2018

Guðmundur M Kristjánsson Hafnarstjóri